


### **3. UMSAGNIR UMSAGNARAÐILA**

(Við tillögu að matsáætlun)

- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 18. febrúar 2008.
- Fornleifavernd ríkisins, 18. febrúar 2008.
- Umhverfisstofnun, 5. mars 2008 .
- Svör framkvæmdaraðila, 11. mars 2008.
- Sveitarfélagið Ölfus, 6. mars 2008.
- Iðnaðarráðuneytið, 12. mars 2008.
- Skipulagsstofnun – ákvörðun 19. mars 2008.



Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegur 166  
150 Reykjavík

## Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík  
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631  
Heimasíða: [www.fornleifavernd.is](http://www.fornleifavernd.is)  
[kristinn@fornleifavernd.is](mailto:kristinn@fornleifavernd.is)

Reykjavík 18. febrúar 2008  
Tilvísun: Fvr 2008020010 /KM


### Efni: Efnistaka í Lambafelli í Sveitarfélaginu Ölfusi.


Fornleifavernd ríkisins hefur móttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 12. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar á vegum Jarðefnaiðnaðar ehf.

Í kafla 4.9 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar. Þar kemur fram að svæðið hefur verið skoðað og að þar eru engar fornminjar eða mannvistarleifar utan gamals göngustígs sem verður utan framkvæmdasvæðis. Þá segir að nánar verði gerð grein fyrir þessu í frummatsskýrslum. Í kafla 1.2 í tillögu að matsáætlun kemur jafnframt fram að athugun á fornleifum hafi verið í höndum Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings.

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemd við tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 10. gr. þjóðminjalaga (Nr. 107/2001) stendur m.a.:  
*Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.* Og á 13. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

Virðingarfyllt,  
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

  
Kristín Huld Sigurðardóttir  
Forstöðumaður


  
Kristinn Magnússon  
Deildarstjóri



Austurvegur 56 - 800 Selfoss

Sími 480 8220 - Myndsendir 480 8201 - Netfang hs@sudurland.is - Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun**  
**Sigurður Ásbjörnsson**  
**Laugavegi 166**  
**150 Reykjavík**

Skipulags stofnun 	
Mótt.:	<b>21 FEB. 2008</b>
Málnr.	
_   _   _   _   _   _   _   _   _   _   _	


Selfossi, 18. febrúar 2008  
*BP0802940HS*


**Efni: Jarðefnaiðnaður ehf. Efnistaka í Lambafelli. Tillaga að matsáætlun**

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fengið til umsagnar erindi yðar vegna tillögu Jarðefnaiðnaðar ehf um matsáætlun vegna námureksturs í Lambafelli.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir ekki athugasemdir við drög að matsáætlun, en bendir á að umrædd starfsemi er starfsleyfisskyld í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

  
Birgir Þórðarson  
heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun  
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umsögn um tillögu að matsáætlun um efnistöku úr Lambafelli.

Bæjaryfirvöld í Ölfusi hafa farið yfir matsáætlun sem unnin er af Bólta ehf varðandi fyrirhugaða efnistöku Jarðefnaiðnaðar úr Lambafelli í Ölfusi. Það er mat bæjaryfirvalda að tillagan geri nægilega grein fyrir framkvæmdinni og upplýsingar varðandi fyrirhugaða framkvæmd sé fullnægjandi. Í greinargerð með aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 þar sem fjallað er um efnistökusvæði í kafla 5.2.9. er eftirfarandi markmið m.a. sett fram:

- × Séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða fyrir ýmiss konar byggingarstarfsemi.
- × Almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistökestöðum.
- × Öll efnistaka er framkvæmdaleyfisskyld og er stefnt að því að allar námur hafi framkvæmdarleyfi.
- × Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- × Stærstu námum er vísað í deiliskipulagsferli.

Samkvæmt þessu fellur efnistaka þessi að markmiðum Sveitarfélagsins Ölfuss.

Þorlákshöfn 6. mars 2008,

Virðingarfyllst,

---

Ólafur Áki Ragnarsson  
bæjarstjóri

|Skipulagsstofnun  
|Sigurður Ásbjörnsson  
|Laugavegi 166  
|150 Reykjavík

| Reykjavík, 5. mars 2008|

Tilvísun: UST20080200085/bs|

Efnistaka í Lambafelli, Sveitarfélaginu Ölfusi. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna efnistöku Jarðefnaiðnaðar ehf í Lambafelli. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við matsáætlunina.

Haugsetning efnis

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hugsanlegri haugsetningu efnis. Sérstaklega hvað varðar form haugs og aðlögun hans að öðrum landformum.

Gróður / dýralíf

Ef sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að fundarstaðir þessara tegunda verði afmarkaðir á korti.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að að gróðurfar og dýralíf svæðisins hafi verið skoðað sumarið 2007. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki er vísað til þessara rannsókna í heimildarlista. Stofnunin telur mikilvægt að í frummatsskýrslu verði m.a. gerð grein fyrir aðferðum við rannsóknir á gróðri og dýralífi.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að metin verði áhrif framkvæmdarinnar á spendýr og fugla. Umhverfisstofnun telur ekki þörf á að meta áhrif framkvæmdarinnar á spendýr.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun eru skilgreindir tveir valkostir hvað varðar umfang efnistökkunnar og þar með afmörkun námasvæðis. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði fjallað með sambærilegum hætti um báða valkosti og að val á valkosti verði vel rökstutt. Stofnunin telur mikilvægt að val á valkosti miðist við að sem þægilegast verði að fella efnistökusvæðið að öröskuðu landi.

Jarðfræði / svæði á náttúruminjaskrá

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að lýst verði jarðfræði svæðisins og gerð grein fyrir henni í matsskýrslu. Einnig verði skoðað verndargildi svæðisins og sérstaða ef einhver er. Þá kemur fram í tillögunni að metin verði áhrif framkvæmdarinnar á svæði nr. 753 á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun vekur athygli á að nauðsynlegt er að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á eldhraun sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Hraun sem runnu frá Eldborgum við Lambafell eru auk eldvarpanna sjálfra og hrauntraða á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur að afmarka eigi efnistökusvæði í Lambafelli þannig að hrauntungunni milli þjóðveggar og fjallshlíðarinnar verði ekki raskað frekar en orðið er til að vernda jarðmyndanir sem njóta verndar og til að áhrif á nærsvæði vegarins verði sem minnst.

Núllkostur

Í tillögu að matsáætlun segir m.a. að ekki sé um aðra kosti að ræða

varðandi efnisvinnslu nema að fara á önnur svæði. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í svokölluðum núllkosti felst að aðhafast ekkert. Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda kemur fram að núllkostur miðast „við grunnástand, þ.e. það ástand sem ríkir á umræddu svæði m.t.t. náttúrufars og samfélags, þ.m.t. þau mannvirki sem reist hafa verið og þá starfsemi sem fyrir er.“

Landslag / sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað verði um sjónræn áhrif valkosta með myndrænum hætti, s.s. með ljósmyndum frá völdum stöðum/útsýnisstöðum. Tilgreina þarf hvar myndirnar eru teknar, hvert sjónarhornið er og hvað myndirnar eiga að sýna. Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi með tölvugerðum myndum að sýna og gera samanburð á landslagi fyrir og eftir framkvæmdir.

Í frummatsskýrslu ætti að gera grein fyrir aðlögun námunnar að Lambafellshnúk, en Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að hlíðum hnúksins verði ekki raskað. Einnig er nauðsynlegt að gera grein fyrir hvernig vinnslu á mörkum náma Árvéla og Jarðefnaiðnaðar verði háttað til að tryggja að neikvæð sjónræn áhrif efnistökkunnar verði sem minnst. Æskilegt er að samræmdar hugmyndir um endanlegt útlit fjallshíðarinnar liggi fyrir hjá báðum aðilum.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að endanlegt yfirborð fjallshlíðarinnar verði sýnt með kennisniðum á nokkrum stöðum í námunni. Leitast ætti við að frágangur námunnar fari sem mest fram samhliða efnistökkunni.

Rykmengun

Samkvæmt tillögu að matsáætlun verður skoðað hugsanlegt rykfok við sérstakar aðstæður sem gæti haft áhrif á gróðurfar eða dýralíf. Umhverfisstofnun telur ástæðu til að skoða sérstaklega rykmengun vegna umferðar um aðkomuveg að námunni og hvort grípa megi til aðgerða til að draga úr henni. Í því sambandi má vekja athygli á að ryk er sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif á heilsu fólks og getur því haft áhrif á þá starfsmenn sem eru við störf innan námasvæðisins.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson

Hjalti J. Guðmundsson

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson

Hér eru svör við athugasemdum Umhverfistofnunar, dags. 05.03.08.

1. Í Frummatsskýrslu er gerð grein fyrir hugsanlegri haugsetningu efnis.
2. Ekki var að finna sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista innan áhrifasvæðis framkvæmdar samkv. minnisblaði náttúrufræðinga (Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson) eins og fram mun koma í frummatsskýrslu.
3. Í minnisblaði náttúrufræðinga í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir aðferðum við rannsóknir á gróðri og dýralíf.
4. Í vali á valkosti í frummatsskýrslu verður tekið tillit til endanlegs útlits og hagkvæmni. Þar á meðal er reynt að meta hvor valkosturinn falli betur að óröskuðu landi við námuna með tilliti til útlits og hentar betur með tilliti til lokafrágangs.
5. Sá hluti hraunsins sem er milli Þrengslavegar og efnistökusvæðisins er þegar orðinn nokkuð raskaður. Má benda á að gamalt efnistökusvæði er í kverkinni milli Lambafells og Lambafellshnjúks og vegslóði þar að. Í aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 er þetta svæði, eða megin hlutinn af því, sem eftir er óraskað, skilgreint sem athafnasvæði. Leitast er þó við að halda þessu svæði eins óröskuðu og hægt er með því að halda aðstöðusvæði námunar í lágmarki (til austurs út á hraunið) og nýta fyrst og fremst það svæði sem nú er raskað, það er norðan innkeyrslunnar, sem lager- og tippsvæði.
6. Í matsáætlun er núllkosturinn sá að gera ekkert frekar en orðið er á efnistökusvæði JEI í Lambafelli. En þar sem markmið fyrirtækisins er nám og vinnsla jarðefna má ætla að fyrirtækið leiti þá fyrir sér á öðrum stöðum sé það vænlegt með tilliti til markaða og efnisgæða.
7. Lögð hefur verið vinna í að reyna að sjá fyrir útlit fjallsins að framkvæmd lokinni og sýna það í frummatsskýrslu. Þetta verður gert með tölvugerðri mynd eða myndum.
8. Hlíðum Lambafellshnjúks verður ekki raskað samkvæmt hvorugum valkosti en valkostur 2 hlífir þó heldur næsta nágrenni hnjúksins.
9. Lagt verður upp úr því að Árvélar og JEI vinni nokkuð samhliða út frá mörkum milli þeirra til að samfella fáist í útlit fjallsins meðan á framkvæmd stendur. Samræmdar eru hugmyndir um endanlegt útlit í báðum námunum.
10. Í frummatsskýrslu verður sýnt kennisnið í námuna að framkvæmd lokinni.
11. Í frummatsskýrslu verður reynt að meta hættu vegna rykmengunar af umferð og ef svo verði þá hvaða aðgerða sé hægt að grípa til.

  
Sigurður Þ. Jakobsson



Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugarvegi 166  
150 Reykjavík

## IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvali 150 Reykjavík  
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289  
postur@idn.stjr.is  
idnadaraduneyti.is

Reykjavík 12. mars 2008  
Tilv.: IDN08030023/23.120


Ráðuneytið vísar til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 12. febrúar 2008, þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins um tillögu að matsáætlun Jarðefnaiðnaðar um efnistöku í Lambafelli.

Í matsáætlun kemur fram að eigandi svæðisins sé Sveitarfélagið Ölfus. Þá kemur og fram að framkvæmdaleyfi fyrir efnistökkunni þurfi að sækja um til sveitarstjórnar og heilbrigðiseftirlits.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er heimilt án leyfis iðnaðarráðherra skv. lögnum að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, mól, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand. Í athugasemdum frumvarps við umrædda grein segir hins vegar að ákvæði laganna um leit og nýtingu taki til allra jarðefna í þjóðlendum. Nýting jarðefna utan marka eignarlands er því háð leyfi iðnaðarráðherra. Umrætt framkvæmdasvæði virðist liggja utan þjóðlendumarka, sbr. úrskurð Óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004, en þjóðlendumörk eru ekki sýnd á kortum með tillögu að matsáætlun.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við tillöguna að öðru leyti en biðst velvirðingar á töfum sem urðu á afgreiðslu umsagnarinnar.

Fyrir hönd ráðherra

  
Guðjón Axel Guðjónsson

  
Lárus M. K. Ólafsson



Jarðefnaiðnaður ehf.  
Nesbraut 1  
815 Þorlákshöfn

2008010093  
8717; 9310

Reykjavík, 19. mars 2008

**Efni: Efnistaka Jarðefnaiðnaðar ehf. úr námu Sveitarfélagsins Ölfuss í Lambafelli.  
Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Jarðefnaiðnaðar ehf. að matsáætlun um efnistöku í námu Ölfuss í Lambafelli.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Bólta ehf. dags. 6. febrúar 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

**Jarðefnaiðnaður ehf. Efnistaka í Lambafelli í landi Sveitarfélagsins Ölfus. Bölti ehf.  
5. febrúar 2008.**

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Sveitarfélaginu Ölfusi, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, iðnaðarráðuneyti og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 6. mars 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 18. febrúar 2008, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 18. febrúar 2008, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 12. mars 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. mars 2008. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 11. mars 2008.

**NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir f ramlagða tillögu Jarðefnaiðnaðar ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu

framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi framkvæmdaraðila dags. 11. mars 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

### **Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum**

Efnistaka Jarðefnaiðnaðar ehf. úr námu Sveitarfélagsins Ölfus og efnistaka Árvéla sf. úr námunni Hjallatorfa liggja saman við Þrengslaveg í Lambafelli. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að fyrirtækin greini sameiginlega frá sjónrænum áhrifum efnistökkunnar, áhrifum hennar á landslag og hvernig frágangi verði háttað í verklok.

### **Haugsetning og landmótun**

Í kafla 4.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag og sjónræna þætti. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvort áformað er að setja í námuna aðflutt efni og þá hvernig verði staðið að haugsetningu þess sem og úrkasts sem fellur til við námuvinnsluna.

### **Geymsla og meðferð hættulegra efna**

Í kafla 4.8 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vatnafar. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvernig verði háttað meðferð og geymslu eldsneytis og hættulegra efna á starfstíma. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áætluðu magni hættulegra efna og hvaða ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir og bregðast við mengunarslysum af völdum hættulegra efna sem geymd eru á framkvæmdasvæðinu.

### **Eignarhald og leyfisveitingar**

Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvort náman eða hluti hennar sé á þjóðlendu og ef svo er þarf jafnframt að koma fram að efnistakan er háð leyfi iðnaðarráðuneytisins skv. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna

Afrit: Sveitarfélagið Ölfus, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, iðnaðarráðuneyti, Umhverfisstofnun og Bölti ehf.